

Nefndasvið Alþingis - Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 19. maí 2010
Tilvísun: UST20100500005/sá


Umsögn - frumvarp til laga um um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi, þskj. 965 — 574. mál.


Með tölvubréfi, dags. 3. maí 2010 sendi iðnaðarnefnd Alþingis, Umhverfisstofnun til umsagnar frumvarp til laga um um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi, þskj. 965 — 574. mál.

Í 5. gr. eru tilgreind skilyrði sem fullnægt skal til að hljóta ívilnun. Í i-lið segir að starfsemi félags sem ívilnunar nýtur skuli að öllu leyti vera í samræmi við íslensk lög og stjórnvaldsfyrirmæli og ekki teljast óæskileg í umhverfislegu tilliti.

Umhverfisstofnun bendir á að um matskennt skilyrði er að ræða og telur æskilegt að það verði útfært nánar. Í því sambandi má vísa til nýsamþykkrar stefnu um vistvæn innkaup. Við útfærslu skilyrðisins mætti hafa sjónarmið um umhverfisáhrif innkaupa til viðmiðunar.

Virðingarfyllst


Kristín L. Árnadóttir
Forstjóri


Sigrún Águstsdóttir
Sviðsstjóri